

**STAÐARBRAUT(854), AÐALDALSVEGUR – LAXÁ Í AÐALDAL,
ÞINGEYJARSVEIT**

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Skipulagsstofnun telur að í ljósi þess hve enduruppbygging á Staðarbraut (854) felur í sér óverulegar breytingar á vegstæðinu, þar sem það liggur inn á svæði sem nýtur verndar skv. lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár, að hún sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. ágúst 2013.

Skipulags
stofnun

10. júlí 2013

INNGANGUR

Þann 28. júní 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um breytingu á Staðarbraut (854), Aðaldalsvegur – Laxá í Aðaldal samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Þingeyjarsveitar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Þingeyjarsveit í tölvupósti dags. 4. júlí 2013 og Umhverfisstofnun í tölvupósti dags. 5. júlí 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að Vegagerðin fyrirhugi að endurbyggja Staðarbraut í Aðaldal á tveimur stöðum, samtals 4,5 km langan kafla. Annars vegar kafla A milli Aðaldalsvegur og Hellulands, hins vegar kafla B milli stöðva 3000 austan Múla að Laxá hjá Brúum. Framkvæmdir innan kafla B liggja um svæði sem njóti verndar skv. sérlögum, nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður- Þingeyjarsýslu og því þurfi að kanna matsskyldu framkvæmdarinnar skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Fram kemur að kafla B sé 2,3 km langur og á þessum kafla fylgi nýja veglínan sem næst miðju núverandi vegar um 1,5 km leið. Ein vegamót séu á þessum kafla Staðarbrautar, við Laxárdalsveg (856), en Laxárdalsvegur verði endurbyggður á um 200 m kafla. Þá verði sjö heimreiðar aðlagðar nýrri hæðarlegu vegarins.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að endurbyggður vegur verði allsstaðar innan veghelgunarsvæðis núverandi vegar, nema austast á kafla B þar sem verða teknar af tvær krappar beygjur og víki nýja veglínan frá núverandi vegi á þeim stöðum. Önnur þessara beygja, sú austari, mun liggja á stuttum kafla innan ofangreinds verndarsvæðis. Vegurinn verði allur hækkaður sem nemi u.þ.b þykkt nýs styrktar- og burðarlags um 35 – 45 cm. Framkvæmdasvæði vegna vegagerðarinnar muni oftast lenda innan núverandi vegsvæðis en þar sem verði mjög háar fyllingar eða miklar skeringar geti framkvæmdasvæðið lent utan vegsvæðis. Framkvæmdasvæði verði að jafnaði á bilinu 12-18 m breitt og verði báðir kaflarnir að mestu lagðir á fyllingu.

Fram kemur að áætluð efnispörf í verkið sé 41.800 m³. Þar af er áætlað að 30.400 m³ komi úr skeringu A, 6.300 m³ úr öðrum hönnuðum skeringum í vegstæði og 5.100 m³ úr námu A. Verktaki megi hvergi taka efni nema í námu A, skeringum A og öðrum minni skeringum innan vegsvæðis. Samkvæmt gögnum framkvæmdaraðila verður náma A, skering A og losunarsvæði umframefnis utan þess svæðis sem nýtur verndar skv. lögum um verndun Mývatns og Laxár.

Fram kemur að reynt verði að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og skeringar ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefji. Umhverfisstofnun muni hafa eftirlit með framkvæmdinni og frágangi að henni lokinni. Öllum lífrænum jarðvegi sem finnst í yfirborði námu og skeringum meðfram vegstæði, verði ýtt ofan af, hann geymdur og síðar notaður til frágangs að framkvæmd lokinni. Frágangi á vegskeringum verði hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg.

Fram kemur að tilgangur framkvæmdarinnar sé að bæta vegasamband á í Aðaldal. Markmiðið sé að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur á svæðinu, m.a. með því að taka af krappar og hættulegar beygjur á núverandi vegi.

Vegagerðin telur að á framkvæmdatíma muni vegfarendur og íbúar næst veginum verða fyrir óþægindum vegna hávaða, ryks og truflunar á umferð. Áhrif á landslag verði mest austast á svæðinu þar sem legu vegarins um beygjur verði breytt lítillega, auk áhrifa af efnistöku úr námu A. Fram kemur að Minjastofnun geri ekki athugasemdir við framkvæmdina og Vegagerðin muni hafa samráð við stofnunina komi áður óþekktar fornleifar í ljós á framkvæmdatíma. Vegagerðin telur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir, fugla og gróðurfar. Því telur Vegagerðin að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á það svæði sem nýtur verndar skv. lögum um verndun Mývatns og Laxár og breyti ekki stöðu þess sem alþjóðlega mikilvægu svæði fyrir fugla.

Vegagerðin telur að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð áhrif á umhverfið þar sem um sé að ræða endurbyggingu á núverandi vegi. Framkvæmdum verði hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst, mótvægisáðgerðum verði beitt og haft samráð við viðeigandi eftirlitsaðila.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að framkvæmdin sé í samræmi við Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010 – 2022.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Þingeyjarsveitar og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum..

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða enduruppbyggingu á Staðarbraut (854), Aðaldalsvegur-Laxá í Aðaldal, Þingeyjarsveit, á samtals um 4,5 km kafla. Austasti hluti vegarins liggur á 200 m kafla innan svæðis sem nýtur verndar skv. lögum um verndun Mývatns og Laxár. Enduruppbyggingin verður að stærstum hluta innan núverandi veghelgunarsvæðis, nema austarlega á framkvæmdasvæðinu þar sem veglínan mun víkja frá núverandi vegi og færast út á tún, m.a. tún innan verndarsvæðisins. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg í ljósi þess hve enduruppbygging vegarins felur í sér takmarkaða breytingu á vegstæðinu á þeim hluta sem liggur innan svæðis sem nýtur verndar skv. lögum um verndun Mývatns og Laxár nr. 97/2004 og fjærst ánni.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu og umsagnir vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að enduruppbygging Staðarbrautar (854) sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Þingeyjarsveitar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, framkvæmdaleyfi skv. reglugerð nr. 722/2012 og verktaki þarf starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Sækja þarf um leyfi til vega- og brúargerðar hjá Umhverfisstofnun skv. lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Ef í ljós koma óþekktar fornleifar á vegstæðinu á framkvæmdatíma skal gera Minjastofnun Íslands viðvart um fundinn skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 89/2012.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Skipulagsstofnun vekur athygli á því að efnistaka er háð framkvæmdaleyfi Þingeyjarsveitar samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð nr. 722/2012 og starfsleyfi Umhverfisstofnunar eða viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. ágúst 2013.



Rut Kristinsdóttir

Afrit: Þingeyjarsveit, Umhverfisstofnun.

Skipulags
stofnun

Sigmar Arnar Steingrímsson